


Síða 1 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun LÍFF3ML05 haust 2018	

Kennari/kennarar: Þorbjörg Ragnarsdóttir	Netfang/netföng: thorra@fva.is
---	---

Námsgögn: **The Human Body frá BBC** (1998) og **fleiri áhugaverðir þættir** fer allt eftir námsefni hverju sinni.
Ítarefni: **Inquiry into life eftir Sylviu S. Mader.**
Annað efni kynnt í kennslustundum, stuðst við ýmsar bækur, tímarit og vefsíður. Upplýsingar um námsefni og itarefni verður aðgengilegt á INNU

Lýsing: Í þessum áfanga í líffræði er farið yfir ævi mannsins frá getnaði til dauða. Farið er í hinn ýmsu hugtök líffræðinnar sem tengjast hverju æviskeiði fyrir sig.

Markmið:

Þekkingarviðmið:


- Nemandinn á að loknum þessum áfanga að hafa öðlast þekkingu og skilning á þroskun mannlíkamans frá getnaði til elli ára og dauða.
- Nemandi þekki gang frjóvgunar eggis, þroska fósturvísis og fósturs fram að fæðingu.
- Nemandinn þarf að hafa yfirlit yfir vöxt og þroska barns og æskuáranna.
- Þekkja þroskabreytingar á unglingsárum hjá báðum kynjum, bæði hvað varðar líkamsgerð, kynþroska og kynstarfsemi.
- Farið verður yfir þróun líkamans fram á miðjan aldur, með áherslur á nútíma lífshætti og vandamál.
- Efri ár, öldrunarbreytingar og helstu vandamál henni tengd.
- Að lokum aðdragandi dauða og dauði sem eðlilegt ferli.

Leikniviðmið:

- Áfanginn á að veita nemendum greinargott yfirlit yfir mannsævina og hann á að geta lesið og túlkað efni er tengist áfanganum

Hæfniviðmið:

- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og bera ábyrgð á eigin námsframvindu nota ýmis gögn og töflur við lausn verkefna lesa úr greinum um efnið
- gera sér grein fyrir þroska og þeim breytingum sem verða á mannlíkamanum á einni ævi
- tengja mannlíffræðina við daglegt líf og umhverfi og sjá notagildi hennar

Síða 2 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun LÍFF3ML05 haust 2018	

Námsmat: Ekki er hefðbundið lokapróf í áfanganum. Áfanginn er verkefnaáfangi með nokkrum hlutaprófum og verkefnaöppu sem skila þarf í lok annar.

Við útreikning á lokaeinkunn er miðað við eftirfarandi:

- **Hlutapróf 20%**
 - **Lokaverkefni 15%**
 - **Glósur 10%**
 - **Verkefni 25%**
 - **umræða/hópavinna 10%**
 - **Innuverkefni 10%**
 - **Mæting/ástundun** (virkni í kennslustundum) **10%** (raunmæting án tillits til veikinda, eða forfalla)
 - **Skila möppu með verkefnum í lok annar**
- Allir þurfa að taka hlutaprófin með **lágmarks meðaleinkunn 5**. Auk þess þarf að skila lokaverkefni til að standast áfangann. Nemendur verða að skila a.m.k. 80% af öllum heima - og/eða tímaverkefnum. Einkunn miðast ætíð við **100% verkefnaskil**. Ekki eru metin til einkunna verkefni eða skýrslur sem skilað er þegar meira en vika er liðin frá því að þau voru sett fyrir eða tilraun framkvæmd, eða þegar kennari hefur skilað slíku efni til baka til nemenda.
 - **Ef nemandi er í fjarnámi, með frjálssa mætingu eða mikið fjarverandi vegna veikinda, (þannig að raunmæting er undir 80%) verður hann að taka lokapróf til að standast áfangann.**
 - **Lokapróf er 70% af lokaeinkunn og vinna á önn (verkefni og hlutapróf) 30%**

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Kennsluform: Kennslan er í formi myndefnis, fyrirlestra, verkefnavinnu nemenda og umræðna.

Um verkefni: Verkefni eru tímaverkefni, umræðuverkefni og heimaverkefni.

INNA: Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Sérstaklega er nemendum með frávík frá skólasóknarreglu og árekstrarheimild bent á að fylgjast vel með á INNU.

Snjalltæki:


Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig. Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólanámsskrá FVA.

Tími við nám:

Kennslustundir 60 klst.

Undirbúningur fyrir tíma 15 klst.

Verklegt/skýrslur 10 klst

Síða 3 í 3	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun LÍFF3ML05 haust 2018	

Heimaverkefni 20 klst.

Undirbúningur fyrir próf 5 klst. Samtals 110 klst. / 21 = 5 einingar

Vik a	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	20.8-24.8	Kynning á námsefni áfangans.	
2	27.8-31.8	Lokaverkefni /kynning Kynfrumur og frjóvgun	Þáttur 1
3	3.9-7.9	Meðganga og fósturþroskun	
4	10.9-14.9	Meðganga og fósturþroskun	Þáttur 2
5	17.9-21.9	Barnsárin	
6	24.9-28.9	Barnsárin	Þáttur 3
7	1.10-5.10	Ritgerðarvinna	
8	8.10-12.10	Unglingsárin	Þáttur 4
9	15.10-17.10	Unglingsárin Miðannarfrí 18 og 19 október	Miðannamat
10	22.10-26.10	Unglingsárin	
11	29.10-2.11	Miður aldur	Þáttur 5
12	5.11-9.11	Miður aldur	
13	12.11-16.11	Elliárin	Þáttur 6
14	19.11-23.11	Elliárin	
15	26.11-30.11	Dauðinn	Þáttur 7
16	3.12-7.12	Lokaverkefni Viðtöl/námsmat og verkefnavinna	
17	10.12-14.12	Lokaverkefni Viðtöl/námsmat og verkefnavinna	
18	17.12-18.12	Sjúkrapróf og prófsýning	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.